

## Bakgrunnur

Umsjónarkennari í 6. bekk. Nemendur 19 alls, 7 stelpur og 12 strákar. Verkefni sem hér birtast voru öll unnin í þessum bekk.



## Námsefni

- Auðvitað 2. hefti, eðlis- efna – og jarðfræði (Þessi bók er nú í endurskoðun)
- Líffræði: Maðurinn – Hugur og heilsa
- Lífandi vísindi, tímarit
- Náttúruverkefni, kennarahandbók um náttúrudýr
- Grænfánaverkefnið



## Skólasamfélagið

### Markmið að:

- Vekja athygli sem flestra; skólastjórnenda, samstarfskennara og foreldra á sérstöku tungumáli náttúrufræðitexta, sem mikilvægt er að þjálf
- Finna leiðir í að efla almennt lestur náttúrufræðitexta

### Leiðir

- Tala um og útskýra hvers vegna mikilvægt er að efla læsi í náttúrufræðum á kennarastofunni og á deildarfundum
- Ræða við bókasafnskennara um aukið framboð af bókum/ritum um náttúrufræði
- Tengja yndislestur, sem er oftast í 10-20 mín á hverjum degi, við lestur á náttúrufræðitextum
- Kynna foreldrum verkefnið

## Kennslan

### Markmið í náttúrufræðikennslu er að efla og þjálf:

### Leiðir:

- |   |  |
|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Orðaforða</li><li>• Orðskilning</li><li>• Lestur til skilnings</li><li>• Fagritun</li><li>• Umræður þar sem fagorð eru notuð af skilningi</li><li>• Mat á umræðum</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>• Orðaspjöld</li><li>• Orskýringarkort.</li><li>• Orð, mynd og texti</li><li>• Kannanir á orðskilningi</li><li>• Orð- og lesskilningsverkefni</li><li>• Ritunarverkefni</li><li>• Umræðuverkefni</li></ul> |
|---|--|

## Hæfniviðmið nemenda

Nemandinn geti:

- gert greinamun sögutexta og fræðitexta
- nýtt sér leiðir sem auðvelda honum orðskilning
- umritað textaskýringu í námsbók yfir í eigin útskýringu
- tengt mynd úr náttúrufræði við viðeigandi fræðitexta
- tengt hugtök við viðeigandi útskýringu og öfugt
- sagt munnlega og skriflega frá verkefnum sínum eða upplifun í náttúrunni
- notað fagorð af skilningi í umræðu/samræðum um náttúrufræði
- tekið virkan þátt í faglegri umræðu/samræðum náttúrufræði

**Óskastaðan:** Jákvæðara viðhorf nemenda til náttúrufræði/vísindatexta, finnist þeir áhugaverðari og viðkunnalegri 😊